



Dagmæður – húsnæði við Afreksbraut

3. nóvember 2025

umsagnaraðili	samantekt	Viðbrögð/Andmæli
Lovísa Dagmar Haraldsdóttir Fífumói 11	1. Hávaði og ónæði: Rekstur með allt að 10 börn mun valda verulegum hávaða á svæðinu, bæði vegna leiks barna úti og vegna aksturs og ferða að morgni og síðdegis. Þetta mun skerða ró og friðhelgi íbúa í næsta nágrenni. 2. Skipulagsröskun: Lóðin er ekki skipulögð eða hönnuð sem leik- eða vistarsvæði. Uppsetning lausafjánhúss til reksturs á þessari lóð samræmist ekki heildarskipulagi hverfisins og mun breyta ásýnd svæðisins á neikvæðan hátt. 3. Fordæmi: Ef þetta er samþykkt getur það skapað hættulegt fordæmi fyrir að setja sambærileg lausafjánhús á öðrum lóðum í íbúðarhverfum sem ekki eru ætlaðar fyrir slíka starfsemi. Það getur haft neikvæð áhrif á íbúalífið og jafnvel fasteignaverð í hverfinu.	1. Ólíklegt að 10 börn á aldrinum 9-30 mánaða valdi ónæði með hávaða sem nær að yfirgnæfa önnur umhverfisljóð og valda ama. 2. Breytingin er á skipulagi og hefur ekki áhrif utan síns nánasta umhverfis.
Gísli Hlynur Jóhannsson og Ásta Katrín Helgadóttir Fífumóa 11	1. Höfum áhyggjur af því að ekki verði eingöngu notast við bílastæði við Afreksbraut, heldur verði einnig keyrt inn í Fífumóann með tilheyrandi ónæði og ágangi. 2. Leiksvæðið er ekki ætlað fyrir ungabörn. Á þessu leiksvæði er mikið um að eldri börn og unglingar komi og leiki sér, einnig foreldrar með börn sín á virkum dögum. Með þessu er verið að útiloka aðra frá leiksvæðinu.	1. Aðkomu að lóð er svo háttáð að líklegar er að akandi umferð fari um Afreksbraut. En mögulegir notendur búsettir við Fífumóa munu líklega nýta sér götuna. 2. Staðsetning mun ekki hafa áhrif á leik barna í hverfinu utandyrá.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



	3. Þetta var ekki á skipulagi hverfisins þegar við keyptum íbúðina og erum því alfarið á móti þessari beiðni. Við höfum áhyggjur af lækkuðu fasteignaverði. 4. Á þessu svæði kemur oft ansi mikill snjór og mjög hvass vindstrengur gengur yfir svæðið og þess vegna enn frekar ekki staður fyrir þessa starfsemi.	3. Eins og fólk ætti að vita þá getur skipulag hverfis alltaf breyst að einhverju leyti. Aukin þjónusta í hverfinu myndi ég halda að gerði húsið þitt frekar verðmætara heldur en að það lækki fasteignaverð. 4. útivist og klæðnaður barna tekur mið af veðurfari
Ólafur Eyjólfsson og Bergþóra Jóhannsdóttir Fífumóa 7	erum alfarið á móti þessari byggingu . Við teljum að þetta sé fordæmisgefandi og veltum fyrir okkur, ef þessi starfsemi gengur ekki eða hættir þá getur hvaða starfsemi komið í þetta hús og einnig spurjum við hvort að fleirum kofum verði ráðað eftir bílstæði íþróttafélags Njarðvíkur í framtíðinni .	Ekki er óskað eftir annarri notkun en fram kemur í umsókn. Verði síðar óskað eftir breytttri notkun þarf það að fylgja sama ferli og sú umsókn sem nú er til umfjölunnar.
Fífumói 24	Eigendur að F 24 erum sammála síðustu ræðumönnum, alfarið á móti þessu.	Engin viðbrögð
Heiðrún Rós Þórðardóttir og Róbert Þór Guðnason Lágmóa 19	eru alfarið á móti þessari framkvæmd og því fordæmi sem það setur. Við viljum vernda græna svæðið þar sem börnin okkar leika mikið þar úti, bæði á leikvöllinum og svo eru hólarnir mikið notaðir bæði á sumrin sem og á veturna. Við erum sammála öllu því sem hefur komið fram hér að ofan og segjum því nei við þessari umsókn/ tillögu.	Staðsetning dagæslu á þessum stað hefur óveruleg áhrif á leiksvæði barna í hverfinu eins sjá gildandi deiliskipualg
Eigendur Lágmóa 21	Græna svæðið við Afreksbraut var stór ástæða þess að við keyptum einbýlishús á Lágmóa 21 fyrir tæpu ári síðan. Okkur finnst græn svæði vera mjög mikilvæg fyrir börn í nærumhverfinu sínu, leiksvæðið er mikið notað. Þetta leiksvæði er vel heppnað og	Staðsetning dagæslu á þessum stað hefur óveruleg áhrif á leiksvæði barna í hverfinu eins sjá gildandi deiliskipualg



	mikið notað og því finnst okkur sorglegt ef svæðið er tekið í aðra notkun en það er í dag. Lóðin er skipulögð sem grænt svæði og að okkar mati ætti hún að halda sér sem slík. Börnin okkar og mikið af krökkum og unglingum í hverfinu nota leikvöllinn. Hólarnir eru mikið notaðir á veturnar til að renna sér í snjónum. Með dagforeldra heimili finnst okkur aðgengi þessa hóps takmarkast og ekki hægt að nýta svæðið eins og það er notað í dag af þessum hóp. Við höfum áhyggjur að þessi framkvæmd muni vera fordæmisgefandi á svæðinu. Smáhúsið mun breyta ásýnd hverfisins á neikvæðan hátt. Þessi tillaga rímar ekki við deiluskipulag svæðisins. Með því að leyfa smáhúsið getur sú ákvörðun orðið fordæmisgefandi fyrir aðra einkastarfsemi á svæðinu. Við höfum áhyggjur af aukinni umferð og að það sé fráhrindandi fyrir hverfið að hafa smáhúsið.	
--	--	--





Hlutfall lóðar af nálægu grænu svæði er minna en 2%